

Þorbergur Steinn Leifsson – framboð í stjórn Lífsverk lífeyrissjóðs

Ég, Þorbergur Steinn Leifsson, býð mig fram í stjórn Lífsverk lífeyrissjóðs. Ég er 63 ára verkfræðingur og starfa á verkfræðistofunni Verkís hf. Starfsreynsla mín spannar um fjóra áratugi eða frá því ég lauk meistaraþrófi í straum- og vatnafræði frá Colorado State University. Aðal vinna mín hefur verið við áætlanagerð og hönnun vatnsaflsvirkjana.

Ég hef verið sjóðfélagi í Lífsverki frá upphafi atvinnuferils míns og býð mig nú fram til stjórnar þar sem ég hef því miður haft vaxandi áhyggjur af starfsemi sjóðsins. Hljóti ég kosningu í stjórn mun það verða markmið mitt að bæta eftirfarandi hluti:



Upplýsingagjöf

Mér finnst upplýsingagjöf til sjóðsfélaga um rekstur sjóðsins takmörkuð og óaðgengileg. Fréttir, greiningar og aðrar upplýsingar, góðar sem slæmar, ættu að berast sjóðfélögum með reglubundnum hætti og vera ítarlegar. Það er ekki viðunandi að sjóðurinn upplýsi sjóðfélaga alltaf eftir á þegar illa gengur, í kjölfar umfjöllunar fjölmiðla sbr. nýlegt dæmi um undarlega fjárfestingu í Gamma Anglia. Þá er það óskiljanlegt af hverju sjóðfélagar geta ekki nálgast ársskýrslu og reikninga sjóðsins á rafrænu formi, fyrir aðalfund. Góð og skilmerkileg upplýsingagjöf er mikilvæg til þess að skapa traust og veita stjórnendum sjóðsins heilbrigð aðhald.

Endurskoðun og eftirlit

Endurskoðun sjóðsins er að mína mati óeðlileg. Í dag eru allir meðlimir endurskoðunarnefndar annað hvort núverandi stjórnarmenn eða fyrrverandi stjórnarformenn sjóðsins. Ég tel að endurskoðunarnefnd ætti að vera fulltrúi félagsmanna gagnvart stjórninni og hennar störfum, sér í lagi þeir fulltrúar sem eru kosnir á aðalfundi. Ég kom þessum athugasemdum á framfæri á síðasta aðalfundi en fékk þau viðbrögð frá stjórninni að „hlutverk endurskoðunarnefndar væri ekki að endurskoða verk stjórnar“. Ef það er rétt og ekki hægt að breyta, væri eðlilegt að sjóðfélagar kysu sérstaka eftirlitsnefnd, algerlega óháða stjórnarmönnum, starfsmönnum og endurskoðendum. Nefndin myndi skoða rekstur sjóðsins, ákvarðanir stjórnar, innri og ytri endurskoðun og gera sjóðfélögum grein fyrir því í skýrslu á aðalfundi.

Ávöxtun og fjárfestingastefna

Ávöxtun sjóðsins hefur verið sjóðfélögum mikið sorgarefni. Óviðunandi ávöxtun hans eru bæði gömul sannindi og ný. Í aðdraganda og fram yfir fjármálahrunið 2008 tapaði sjóðurinn um 20% af eignum sínum umfram það sem aðrir sjóðir gerðu að jafnaði. Þessu gerði ég ítarlega grein fyrir í blaðagreinum og dreifibréfi á sínum tíma, sjá: https://www.lifeyrismal.is/static/files/old/avoxtnun_ls_j_og_tap_03-11.pdf. Til að bæta gráu ofan á svart hefur ávöxtun sjóðsins eftir hrun, á tíu ára tímabili, 2009-2018, verið um 11% lægri en annarra lífeyrissjóða að meðaltali, samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins. Eignir stærsta sjóðsins, Lífeyrissjóðs Verslunarmanna, hafa ávaxtast um 20% umfram ávöxtun Lífsverks á sama tímabili. Ástæður þessa verður að finna, greina og lagfæra. Takist það ekki er erfitt annað en að álykta að fullreynt sé með sjóðinn, og leita verði allra leiða til að sameinast öðrum sjóðum eða a.m.k. sameina reksturinn og fjárfestingastjórn þannig að sérstaða sjóðsins, einkum sjóðsfélagalýðræði, sé varðveitt. Við óbreytt ástand er ekki unnt að una.

Þá er ljóst að ekki hefur verið dreginn lærdómur af reynslunni. Lífsverk hefur einn íslenskra lífeyrissjóða (í lok árs 2018) hafið að nýju kaup á afleiðum og gjaldmiðlasamningum. Þetta gerist þrátt fyrir stórfellt fjárhagstjón og sektardóma af þeirri iðju stjórnarinnar fyrir bankahrunið. Margsinis hefur verið bent á, t.a.m. í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingi, að gjaldeyrisvarnir eru með öllu óþarfar í sjóði sem dreifir fjárfestingum yfir eignaflokka og gjaldmiðla.

Ef þú ert sammála mínum áhersluatriðum óska ég eftir stuðningi þínum til stjórnar Lífsverks. Rafrænt stjórnarkjör fer fram á vef sjóðsins dagana 8. til 17. apríl. Þitt atkvæði skiptir máli.

PS: Vegna ábendingar. Til að gera myndina ekki óþarflega dökka er rétt að taka fram að í samanburðinum hér að ofan eru árin 2009-2011 í raun tvítekin. Þau eru með í hrunsamanburðinum (2003-2011) og einnig í samanburði ávöxtunar síðustu 10 ára úr skýrslu FME. Þessi ár voru slæm fyrir Lífsverk miðað við aðra sjóði. Í því ljósi hefði verið eðlilegra að reikna frekar sérstaklega út ávöxtun síðustu 7 ára (2012-2018). Þegar það tímabil er skoðað er Lífsverk um 5% undir meðalávöxtun annarra sjóða.

